

25|05 2022

Ungir einleikarar



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Velkomin

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverks.

Tímalengd verka:

Balletttónlist úr Idomeneo 14'

Klarínettukonsert 21'

Trompetkonsert 18'

Siboney 3'

Meine Lippen, sie küssen so heiß 5'

Quel guardo... so anch'io la virtù magica 5'

No Word From Tom 8'

Tónleikarnir eru teknir upp og verða sendir úr á Rás 1
sunnudaginn 29. maí kl. 16.05.

Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube og
Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista
með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



Stjórnarráð Íslands
Menningar- og viðskiptaráðuneytið



Reykjavíkurborg

Samstarfsaðili

Icelandair Hotels

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Stoltur bakhjarl



KVÍKA
Eignastýring

25|05

MIDVIKUDAGUR
KL. 19:30

Ungir einleikarar

TÓNLEIKAR Í ELDBORG

Sinfóníuhljómsveit Íslands

Kornilios Michailidis

hljómsveitarstjóri

Birkir Örn Hafsteinsson

klarínnett

Ingibjörg Ragnheiður Linnét

trompet

Hanna Ágústa Olgeirsdóttir

sópran

Efnisskrá

Wolfgang Amadeus Mozart

Balletttónlist úr *Idomeneo*, K. 367 (1781)

Chaconne

Pas seul

Carl Maria von Weber

Klarínettukonsert í f moll, op. 73 (1811)

Allegro moderato

Adagio ma non troppo

Rondo, Allegro

Hlé

Henri Tomasi

Trompetkonsert (1948)

Allegro

Nocturne: Andantino

Finale: Allegro

Ernesto Lecuona

Siboney úr *revíunni La tierra de Venus* (1927)

Franz Lehár

Meine Lippen, sie küssen so heiß,

aría *Giuditta* úr *samnefndri óperettu* (1934)

Gaetano Donizetti

Quel guardo... so anch'io la virtù magica,

tónles og aría *Norinu* úr *Don Pasquale* (1843)

Igor Stravinskij

No Word From Tom, aría *Önnu* úr

The Rake's Progress (1951)

For information in English about tonight's programme, please visit the Icelandic Symphony Orchestra's website:

en.sinfonia.is

Einleikara- og einsöngvarakeppni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og Listaháskóla Íslands

Á hverju hausti fer fram keppni meðal ungra einleikara og -söngvara um að koma fram á tónleikum með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Að þessu sinni fór keppnin fram föstudaginn 22. október 2021 í Norðurljósum í Hörpu og voru þátttakendur 14 talsins.

Keppendur tóku fyrst þátt í forkeppni þar sem átta einleikarar og -söngvarar komust áfram sem allir stunda söng- eða hljóðfæranám á háskólastigi. Fjórir nemendur báru sigur úr bytum og koma þeir fram í kvöld. *Þórgunnur Anna Örnólfsdóttir mezzósópran var einn af sigurvegurunum keppinnar í ár, en af óviðráðanlegum orsökum frestast framkoma hennar á tónleikunum þar til á næsta ári.*

Dómnefnd skipuðu Anna-Maria Helsing, formaður, Árni Heimir Ingólfsson, Greta Salóme Stefánsdóttir, Hjördís Elín Lárusdóttir og Joseph Ognibene.

Ritun texta í tónleikaskrá

Ungu einleikararnir sem koma fram á tónleikunum í kvöld sáu um ritun texta í tónleikaskrá.



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS**



LISTAHÁSKÓLI ÍSLANDS
Iceland University of the Arts



Kornilios Michailidis

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Gríski hljómsveitarstjórinn Kornilios Michailidis er staðar-hljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitar Íslands starfsárið 2021–22. Kornilios Michailidis stundaði píanónám í París og í Bandaríkjunum og lauk meistaraþrófi í hljómsveitarstjórn við Sibeliusakademíuna í Helsinki. Hann var aðstoðarstjórnandi Finnsku útvarpshljómsveitarinnar 2016–17 og gegndi sömu stöðu við Fílharmóníusveit franska útvarpsins á árunum 2018–20. Hann hefur stjórnað fjölda hljómsveita, þar á meðal Sinfóníuhljómsveitinni í Lahti, Grísku útvarpshljómsveitinni og hljómsveit Parísaróperunnar. Í óperuhúsum hefur hann meðal annars stjórnað Tófraflautu Mozarts við Teatro Real í Madrid sem og Falstaff eftir Verdi og La clemenza di Tito eftir Mozart í Helsinki þar sem hann aðstoðaði einnig við uppsetningu á óperunni Only the Sound Remains eftir Kaiju Saariaho. Eftir sigur í Alþjóðlegu píanókeppninni í Mayenne í Frakklandi ferðaðist Kornilios Michailidis um Evrópu, Ísrael og Bandaríkin og hélt einleikstónleika þar sem hann lék annars vegar þrjár síðustu sönötur Beethovens og hins vegar efnisskrá tileinkaða verkum Skrjabíns. Þá lék hann á tónleikum með fíðluleikaranum Sergej Krylov og fyrsta píanókonsert Rakhmanínovs með Sinfóníuhljómsveitinni í Aþenu. Árið 2016 stofnaði hann Tónlistarhátíðina í Koufonisia, þar sem klassísk tónlist hljómar á einni af smæstu eyjum Grikklands.



Birkir Örn Hafsteinsson

KLARÍNETTULEIKARI

Birkir Örn Hafsteinsson, fæddur í Reykjavík árið 1997, hóf klarínettunám ungur að aldri í Skólahljómsveit Austurbæjar hjá Kristjáni Þ. Stephensen og Grími Helgasyni. Þaðan lá leiðin í Tónlistarskólann í Reykjavík þar sem hann lauk framhalds- og burtfararprófi undir handleiðslu Freyju Gunnlaugsdóttur. Síðan 2018 hefur Birkir stundað nám í klarínettuleik hjá Henry Philipp við Hochschule für Musik í Dresden. Hann hefur einnig sótt tíma í bassaklarínettuleik hjá Christian Dolfuß. Birkir hefur m.a. spilað með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands, Orkester Norden og kammersveitinni Elju. Hann hefur tekið þátt í meistaranámskeiðum hjá Barnaby Robson, Luigi Magistrelli og Jörg Widmann. Birkir hefur verið virkur þátttakandi í flutningi samtímatónlistar í Dresden en þar hefur hann frumflutt fjölda verka eftir samnemendur sína og tekið þátt í samspilsverkefnum undir leiðsögn tónskáldanna Helmut Lachenmann og Söru Nemtsov.



Ingibjörg Ragnheiður Linnet

TROMPETLEIKARI

Ingibjörg Ragnheiður Linnet hóf trompetnám níu ára gömul í Skólahljómsveit Kópavogs undir leiðsögn Snorra Sigurðarsonar. Árið 2013 hóf hún nám við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Ásgeirs H. Steingrímssonar og útskrifaðist þaðan með framhaldspróf árið 2017. Samhliða trompetnáminu stundaði Ingibjörg einnig píanónám, fyrst hjá Brynhildi Ásgeirsdóttur í Tónlistarskóla Kópavogs og síðar hjá Svönu Víkingsdóttur í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk framhaldsprófi á píanó árið 2018. Haustið 2019 hóf hún trompetnám í Konunglega Tónlistarháskólanum í Stokkhólmi hjá Joakim Agnas og Michael Streiffert, en er nú undir handleiðslu Tom Poulson.

Ingibjörg lék með Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands á árunum 2012–2016 og nú síðast 2021. Einnig hefur hún leikið með Orkester Norden, Sinfóníuhljómsveit Unga fólksins og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Árið 2017 lék hún einleik með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík.



Hanna Ágústa Olgeirsdóttir

EINSÖNGVARI

Hanna Ágústa Olgeirsdóttir er fædd árið 1996. Hún hóf fiðlunám við Tónlistarskóla Borgarfjarðar fimm ára gömul, en þar stundaði hún einnig söngnám hjá Birnu Þorsteinsdóttur og Theodóru Þorsteinsdóttur. Haustið 2012 hóf Hanna nám við Söngskólann í Reykjavík hjá Ólöfu Kolbrúnu Harðardóttur og Kristni Erni Kristinssyni. Þar tók hún þátt í uppfærslum nemendaóperunnar, ásamt því að vera formaður nemendafélags skólans. Vorið 2016 hlaut Hanna styrk úr Minningarsjóði Vilhjálms Vilhjálmssonar til náms í Söngskólanum, þaðan sem hún útskrifaðist vorið 2017. Hanna hefur stundað nám við tónlistarháskólann í Leipzig undir leiðsögn Carolu Guber frá hausti 2017. Í Þýskalandi hefur hún tekið þátt í fjölda uppsetninga og tónleika á vegum skólans sem og utan. Í febrúar 2021 hlaut Hanna styrk úr minningarsjóði Heimis Klemenzsonar.



TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Svíta með balletttónlistinni úr *Idomeneo* hljómaði í fyrsta sinn á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands 20. mars, 2014 undir stjórn Leos Hussain. Svítan átti að vera á dagskrá hljómsveitarinnar fyrr á þessu starfsári en sökum faraldursins féllu þeir tónleikar niður.

Balletttónlist úr *Idomeneo*

Sumarið 1780 barst Mozart (1756-1791) ósk frá Carl Theodor kjörfursta um að semja alvarlega óperu í anda Glucks. Kjörfurstinn var mikill listunandi og hélt eina bestu hljómsveit Evrópu, Mannheim-hljómsveitina. *Idomeneo*, fyrsta stóra ópera Mozarts, leit dagsins ljós og var frumflutt í München 1781 þegar tónskáldið var 25 ára. Fimm árum síðar var óperan flutt í Vínborg en það var þó ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöldina að *Idomeneo* naut athygli á heimsvísu.

Í óperum Lullys og seinni verkum Rameaus var dansinn mikilvægur þáttur allra sviðsuppfærslna. Svo var einnig við margar þýskar hirðir þar sem ítölsk ópera var allsráðandi og ballett fylgdi iðulega í kjölfar hverrar óperu. Ballettinn og tónlist hans var þó ekki alltaf tengdur söguþræði óperunnar en í *Idomeneo* var balletttónlistin flutt í kjölfar þriðja þáttar sem hluti af hátindi óperunnar og farsælum endi.

Mozart sýndi dansformum af ýmsum toga áhuga og má þar nefna menúetta sem koma fyrir í sinfóníum hans og kvartettum, þýska dansa, Ländler og þjóðdansa þó þeirra nyti ekki endilega við í óperum hans. *Idomeneo* er iðulega talin vera vendipunktur á ferli Mozarts hvað leikhústónlist varðar og fylgdi óperan *Brottnámið úr Kvinnabúrinu* (1782) í kjölfarið.

Sterkur persónulegur stíll er ríkjandi í danstónlist Mozarts og er balletttónlistin úr *Idomeneo* þar engin undantekning þar sem fimm fjölbreyttir þættir balletttónlistarinnar mynda órofa heild í ætt við óperuforleik eða sinfóníu. Á tónleikum kvöldsins verða tveir fyrstu þættir ballettsvítunnar fluttir: *Chaconne* og *Pas seul*.

Hjördís Ástráðsdóttir



Carl Maria von Weber

KLARÍNETTUKONSERT

Þýska tónskáldið og óperustjórinn Carl Maria von Weber (1786–1826) kom úr sviðslistafjölskyldu en faðir hans var leikhússtjóri og móðir hans söngkona. Hann var uppi á umbreytingartímabili í tónlistinni, þegar klassíska stefnan var að líða undir lok og rómantíska stefnan að taka við. Hann var sérstaklega mikilvægur fyrir þýska óperu og var um tíma óperustjóri í Dresden og Prag. Hans þekktasta verk er óperan byltingarkennda *Der Freischütz* sem naut mikilla vinsælda strax við frumflutning. Hún er tímamótaverk í óperusögunni og ber mörg einkenni rómantísku stefnunnar bæði í tónlist og sviðsetningu.

Fyrsti klarínnettukonsert Webers var sérstaklega saminn fyrir Heinrich Bärmann sem var leiðandi klarínnettuleikari við hirðhljómsveitina í München. Weber kynntist honum árið 1811 þegar hann var í München í von um að öðlast virðingu og frægð sem tónskáld og hljóðfæraleikari. Kóngurinn í München var viðstaddur tónleika þar sem Bärmann frumflutti Concertino fyrir klarínettu og hljómsveit eftir Weber og varð svo hrifinn að hann pantaði tvo klarínnettukonserta fyrir Bärmann. Auk þeirra samdi Weber tvö önnur verk sem voru sérstaklega tileinkuð honum.

Konsertinn er í hefðbundnu þriggja þátta formi, með hröðum fyrsta kafla, hægum og syngjandi öðrum kafla og lýkur svo á líflegu rondói í þriðja kafla. Blæbrigðin í verkinu bera þess merki að Weber var leikinn við óperuskrif þar sem tónlistin er mjög leikræn. Fyrsti kafllinn einkennist af miklum andstæðum, gleði og angist, lífi og dauða. Annar kafllinn er rólegt adagio, sem er hefðbundið í formi fram að millikafla. Þar leika einleikarinn og þrjú horn saman einfalda laglínu, sem minnr á þýska sveitasælu. Þriðji kafllinn er líflegt rondó þar sem einleikari og hljómsveit fá að gleyma dramatíkinni úr fyrsta kaflanum og spilagleðin tekur við.

Birkir Örn Hafsteinsson



Henri Tomasi

TROMPETKONSERT

Henri Tomasi (1901–1971) fæddist í Marseille í Frakklandi. Fimm ára gamall byrjaði hann í píanótímum og tónfræði, og sextán ára gamall fékk hann inngöngu í Tónlistarháskólann í París. Á unglingsaldri lék hann mikið á píanó á ýmsum skemmtistöðum, börum og veitingahúsum, og komu þá hans miklu hæfileikar til spuna og tónsmíða í ljós. Árið 1927 vann hann önnur verðlaun í keppninni Grand Prix de Rome fyrir kantötu sína *Coriolan* og fyrstu verðlaun í hljómsveitarstjórn. Tomasi vann svo fyrir sér bæði sem tónskáld og hljóm-sveitarstjóri.

Hann samdi trompetkonsert sinn árið 1948, en það er líklega hans vinsælasta tónsmíð. Konsertinn sprettur úr einum glaðasta tíma úr lífi tónskáldsins, en hann hafði nýlega eignast sitt fyrsta barn, stríðið var á enda, honum gekk vel í starfi og var vinsæll hljómsveitarstjóri víða um Evrópu.

Konsertinn þótti fyrst vera óspilandi, en er í dag einn sá mest flutti og mikilvægasti konsertinn fyrir trompet. Sjálfur sagði Tomasi um konsertinn að hann hefði reynt að sameina alla tæknilegu möguleika trompetsins, og heyra má innblástur allt frá konsertum Bachs til djass-trompettónlistar.

Fyrsti kafliinn hefst á trompetsólói þar sem kynnt er meginþema konsertsins, og svo tekur við annað stef, mjúkt og angurvært. Þátturinn endar á sólókandensu ásamt sneriltrommu þar sem leikið er með þemun tvö. Annar kafli er næturljóð og er tilbrigði á meginþemanu úr fyrsta kafla. Lokapátturinn er fjórlegt og skemmtilegt tilbrigði við rólega stefið úr fyrsta kafla.

Ingibjörg Ragnheiður Linnet



Ernesto Lecuona

SIBONEY

Ernesto Lecuona (1896–1963) fæddist í Guanabacoa í Havana á Kúbu. Hann var afkastamikill á sviði tónlistar fyrir sviðsverk og kvikmyndir og má segja að tónlist hans hafi haft áhrif í Rómönsku Ameríku á svipaðan hátt og tónlist Gershwins í Bandaríkjunum. Lecuona samdi textann þegar hann var fjarri Kúbu og orti um heimþrána sem hann upplifði. Siboney er bæði nafn strandþorps á Austur-Kúbu og hverfis í Havana, þó í laginu standi Siboney fyrir eyjuna Kúbu eins og hún leggur sig. Lagið er íslenskum áheyrendum vafalaust kunnugt í flutningi Guðrúnar Á. Símonar, en hún söng það inn á plötu í íslenskri þýðingu Egils Bjarnasonar árið 1958. Hanna Ágústa flytur þá útgáfu hér í kvöld, Guðrúnu Á. til heiðurs.



Franz Lehár

MEINE LIPPEN, SIE KÜSSEN SO HEISS

Franz Lehár (1870–1948) var austurrískt-ungverskt tónskáld og er einna helst þekkt fyrir óperettur. Arían er úr óperettunni *Giuditta*, sem er hans síðasta og metnaðarfullsta verk. Söguþráður og umhverfi sækja innblástur í óperuna *Carmen*. Aríuna syngur titilpersónan Giuditta, en hún hefur þegar hér er komið sögu yfirgefið eiginmann sinn, Manuele og hlaupist á brott með herforingjanum Octavio til Norður-Afríku. Sá gerði sér hins vegar lítið fyrir og yfirgaf Giudittu til að snúa aftur í herinn. Gerðist Giuditta þá dansari á næturstað og nýtur hylli í nýju starfi.



Gaetano Donizetti

QUEL GUARDO ... SO ANCH'IO LA VIRTÙ MAGICA

Gaetano Donizetti (1797–1848) var einstaklega afkastamik-
ið tónskáld og samdi hann hátt í 70 óperur. Hann var, ásamt
Gioachino Rossini og Vincenzo Bellini, leiðandi í þróun *bel
canto*-stílsins á fyrri hluta 19. aldar og hafði tónlist hans meðal
annars mikil áhrif á Giuseppe Verdi. Textann við *Don Pasquale*
skrifaði Giovanni Ruffini að mestu, en í um 50 ár eftir frumflut-
ning óperunnar var óljóst hver væri raunverulegur höfundur, þar
sem tónskáldið gerði á honum svo margar breytingar að Ruffini
neitaði að setja nafn sitt við útgáfuna. Ariuna syngur unga
ekkjan Norina. Hún og aðalsmaðurinn Ernesto eru ástfangin
en frændi Ernestos, Don Pasquale, er ekki samþykkur hjóna-
bandinu. Í þessari senu situr Norina ein og les upphátt úr bók.
Bókin er ástarsaga, mögulega hluti af rauðu seríunni, og Norina
grínast með það að sjálf viti hún nú sitthvað um ástina og að
ekki sé allt eins og skrifað er um í bókum.



Igor Stravinskíj

NO WORD FROM TOM

Rússneska tónskáldið Ígor Stravinskíj (1882–1971) hafði
byltingarkennd áhrif á tónlistarþróun fyrri hluta síðustu aldar.
Óperan *The Rake's Progress* er lauslega byggð á seríu
átta málverka eftir William Hogarth sem Stravinskíj sá á
sýningu í Chicago 1947. Textann ortu þeir W. H. Auden og
Chester Kallman og fjallar hann um hnignun Toms Rakewell
sem yfirgefur æskuástina, Anne Trulove, fyrir lystisemdir
Lundúnaborgar í slagtoگی við Nick Shadow. Sá reynist vera
djöfullinn sjálfur og þegar til Lundúna er komið dregur hann
Tom með sér niður í svaðið. Í ariunni veltir Anne, sem varð eftir
í sveitinni, fyrir sér hvers vegna hún hefur ekkert heyrt frá Tom.
Hún hefur á tilfinningunni að hann sé í hættu og leggur af stað
til Lundúna að finna hann.

Hanna Ágústa Olgeirsdóttir

Á DÖFINNI

03|06

FÖSTUDAGUR

KL. 19:30

04|06

LAUGARDAGUR

KL. 17:00



Barbara Hannigan á Listahátíð í Reykjavík

Kanadíska sópransöngkonan og hljómsveitarstjórinn Barbara Hannigan kemur nú í fyrsta sinn til Íslands og er víst að tónleikar þessarar frábæru tónlistarkonu verða stórvíðburður í tónlistarlífinu. Barbara Hannigan stjórnar og syngur með Sinfóníuhljómsveit Íslands á tvennum tónleikum í Eldborg í Hörpu á opunarhelgi Listahátíðar í Reykjavík í vor. Á efnisskrá tónleikanna hefur Barbara Hannigan valið fjölbreytt úrval verka frá fyrstu áratugum 20. aldar, allt frá heillandi síðrómantík yfir í hressilega sveiflu Broadway-söngleikja. Sýrpa með eftirlætislögum úr söngleikjum George Gershwin hefur farið sigurför um heiminn eftir að Hannigan söng hana inn á plötu árið 2018. Svítan úr Lulu sýnir aðra hlið á þessari glæsilegu söngkonu, en hún hefur vakið heimsathygli fyrir túlkun sína á söguhetjunni í óperunni Lulu eftir Alban Berg.

10|06

FÖSTUDAGUR

KL. 19:30



Marianna spilar Grieg

Píanókonsert Griegs er einn vinsælasti konsert rómantíska skeiðsins, enda hrífandi blanda af glæsilegum tilþrifum einleikarans, djúpri tjáningu og léttum blæ norskra þjóðlaga. Armensk-danski píanóleikarinn Marianna Shirinyan hefur hlotið fjölda verðlauna fyrir innblásinn leik, meðal annars verðlaun danskra gagnrýnenda og sérstök menningarverðlaun DR, danska útvarpsins. Hún hefur um árabíl setið í dómnefnd Grieg-keppninnar í Bergen auk þess sem hún er prófessor í píanóleik við Tónlistarháskólann í Ósló, og veit því upp á hár hvernig á að túlka tónlist norska meistarans. Á tónleikunum hljómar einnig íslensk leikhús- og balletttónlist eftir tvö leiðandi íslensk tónskáld 20. aldar, Pál Ísólffsson og Jórinni Viðar.

*Kvika eignastýring veitir allhliða
fjármálaþjónustu með áherslu á langtímaárangur*



KVIKA

Eignastýring

25 05 20 22 | Sinfóníuhljómsveit Íslands

1. fiðla

Vera Panitch, konsertmeistari
Zbigniew Dubik
Geirþrúður Ása Guðjónsdóttir
Laura Liu
Andrzej Kleina
Margrét Kristjánsdóttir
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Lin Wei
Laufey Sigurðardóttir

2. fiðla

Páll Palomares
Gunnhildur Daðadóttir
Raphaëlle Moreau
Justyna Bidler
Þórdís Stross
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Kristján Matthíasson
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Dóra Björgvinsdóttir
Hlín Erlendsdóttir

Víóla

Þórarinn Már Baldursson
Łucja Koczot
Sarah Buckley
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Hrund Harðardóttir
Guðrún Þórarinsdóttir
Margrét Theódóra Hjaltsted

Selló

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir

Bassi

Jacek Karwan
Hávarður Tryggvason
Gunnlaugur Torfi Stefánsson
Þórir Jóhannsson

Flauta

Áshildur Haraldsdóttir
Hafdís Vígfúsdóttir
Martial Nardeau

Óbó

Matthías Nardeau
Össur Ingi Jónsson
Peter Tompkins

Klarínett

Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

Fagott

Louisa Slosar
Bryndís Þórsdóttir

Horn

Stefán Jón Bernharðsson
Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Simen Fegran

Trompet

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

Básúna

Sigurður Þorbergsson
Carlos Caro Aguilera

Bassabásúna

David Bobroff

Túba

Itai Agmon

Harpa

Katie Buckley

Celesta

Helga Bryndís Magnúsdóttir

Pákur

Frank Aarnink

Slagverk

Eggert Pálsson
Kjartan Guðnason
Emil Þorri Emilsson

Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi*
Bertrand de Billy *aðalgestastjórnandi*
Kornilios Michailidis *staðarhljómsveitarstjóri*
Dániel Bjarnason *listamaður í samstarfi*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Víkíngur Heiðar Ólafsson *staðarlistamaður*

Framkvæmda- og skrifstofuteymi

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Halla Oddný Magnúsdóttir *listrænn ráðgjafi*
Valdís Þorkelsdóttir *viðburða- og skipulagsstjóri*
Jökull Torfason *verkefnastjóri viðburða*

Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Inga María Leifsdóttir *markaðs- og kynningarfulltrúi*
Dagrún Hálfðánardóttir *mannauðsstjóri*
Svanhvít Hrólfsdóttir *fjármálastjóri*
Kristín Björg Björnsdóttir *skjala- og skrifstofufulltrúi*
Kristbjörg Clausen *nótnavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*
Hrafnhildur Árnadóttir *Hafstað umsjónarmaður nótna*
Sigþór J. Guðmundsson *verkefnastjóri sviðs- og tæknimála*
Björk Björgulfsdóttir *sviðsmaður*



Listahátíð í Reykjavík

Barbara Hannigan

Syngjandi hljómsveitarstjórinn



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

→ Eldborg
3. & 4. júní